

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 17. maí 1979

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu íhluta fyrir ljósa- og ljósmerkjabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum

(79/532/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meðal tæknilegra krafna sem dráttarvélar verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða ljós- og ljósmerkjabúnað þeirra.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfur, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem var viðfangsefni tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽⁴⁾, geti átt við allar gerðir dráttarvéla.Með tilskipun 78/933/EBE ⁽⁵⁾ samþykkti ráðið sameiginlegar kröfur um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar í landbúnaðardráttarvélum á hjólum.

Þessi ljósa- og ljósmerkjabúnaður er með sömu eiginleika og sá sem settur er í vélknúin ökutæki. Því er einnig heimilt að nota búnað sem hefur fengið EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta í samræmi við tilskipanir um þetta efni sem þegar hafa verið samþykktar að því er varðar gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, í landbúnaðardráttarvélar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Með „landbúnaðardráttarvél“ er átt við vélknúð ökutæki á hjólum eða beltum, sem hefur að minnsta kosti tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttarafflinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja ákveðnar vélar, verkfæri eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði. Það getur verið útbúið fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. málsgrein og hafa loftfyllta hjólbarða, tvo ása og eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 25 km/klst.

2. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél af ástæðum sem varða:

- aðalljóssker sem eru notuð sem háljóssker og/eða lágljóssker ásamt glóðarþráðarperum fyrir slík aðalljóssker,
- breiddarljóssker,
- stöðuhliðarljóssker að framan,
- stöðuhliðarljóssker að aftan,
- hemlaljóssker,
- stefnuljóssker,
- glítaugu,
- númerljóssker,
- þokuljóssker að framan og glóðarþráðarperur fyrir slík ljóssker,
- þokuljóssker að aftan,
- bakkljóssker,
- stöðuljóssker,

ef ofangreint ber merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta eins og fram kemur í viðaukanum og er komið fyrir í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun 78/933/EBE.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 200, 22. 8. 1978, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 39, 12. 2. 1979, bls. 74.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 128, 21. 5. 1979, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 325, 20. 11. 1978, bls. 16.

3. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að banna sölu nýrrar dráttarvélar eða að hún sé skráð, tekin í notkun eða notuð, af ástæðum sem varða:

- aðalljósker sem eru notuð sem háljósker og/eða lágljósker ásamt glóðarþráðarperum fyrir slík aðalljósker,
- breiddarljósker,
- stöðuhliðarljósker að framan,
- stöðuhliðarljósker að aftan,
- hemlaljósker,
- stefnuljósker,
- glitaugu,
- númersljósker,
- þokuljósker að framan og glóðarþráðarperum fyrir slík ljósker,
- þokuljósker að aftan,
- bakkljósker,
- stöðuljósker,

ef ofangreint ber merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta eins og fram kemur í viðaukanum og er komið fyrir í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun 78/933/EBE.

4. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur viðaukanna að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar ráðsins 74/150/EBE.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. maí 1979.

Fyrir hönd ráðsins,

A. GIRAUD

forseti.

VIÐAUKI

1. Aðalljóssker sem virka sem háljóssker og/eða lágljóssker og varðandi glóðarþráðarperu fyrir slík aðalljóssker:

Mælt er fyrir um EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta í tilskipun ráðsins 76/761/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðalljós vélknúinna ökutækja sem virka sem háljós og/eða lágljós og varðandi glóðarþráðarperu fyrir slík aðalljós ⁽¹⁾.

Ákvæði tilskipun 76/761/EBE gilda einnig um gerðarviðurkenningu íhluta fyrir sérstök aðalljós á landbúnaðardráttarvélum sem eru hönnuð bæði sem háljóssker og lágljóssker með minna en 160 mm, þvermál D, með eftirfarandi breytingum:

- a) lágmarksljósildi sem eru ákvörðuð í lið 6.3. í I. viðauka er lækkað í samræmi við hlutfallið

$$\left(\frac{D - 45}{160 - 45} \right)^2$$

sem takmarkast af eftirtöldum hreinum neðri mörkum:

- 3 lúx, annaðhvort við punkt 75 R eða punkt 75 L,
- 5 lúx, annaðhvort við punkt 50 R eða punkt 50 L,
- 1,5 lúx, á svæði IV.

Athugasemd: Ef sýnilegt yfirborð endurskinsflatar er ekki hringlanga skal þvermál vera þvermál hrings á sama svæði og hinn sýnilegi, nýtanlegi hluti endurskinsflatarins.

- b) táknið M innan á þríhyrningi með mjórri endann niður sem er festur á aðalljóssker í stað táknsins CR sem kveðið er á um í lið 4.3.5. í VI. viðauka;
- c) Í 1. atriði í gerðarviðurkenningarvottorði íhluta (II. viðauka) segir „aðalljóssker landbúnaðardráttarvéla á hjólum“.

2. Breiddarljóssker, stöðuhliðarljóssker að framan, stöðuhliðarljóssker að aftan og hemlaljóssker:

Mælt er fyrir um EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta í tilskipun ráðsins 76/758/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi enda-útmörkunarljós, hliðarljós að aftan og framan og hemlaljós á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽²⁾.

3. Stefnuljóssker:

Mælt er fyrir um EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta í tilskipun ráðsins 76/759/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stefnuljósabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽³⁾.

4. Glitaugu:

Mælt er fyrir um EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta í tilskipun ráðsins 76/757/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi endurskin frá glitmerkjum á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽⁴⁾.

5. Númersljóssker:

Mælt er fyrir um EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta í tilskipun ráðsins 76/760/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ljós sem lýsir á aftara skráningarmerki vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽⁵⁾.

6. Þokuljóssker að framan:

Mælt er fyrir um EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta í tilskipun ráðsins 76/762 frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þokuljós framan á vélknúnum ökutækjum og þráðarperur fyrir slík ljós ⁽⁶⁾.

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 96.

⁽²⁾ Stj. tíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 54.

⁽³⁾ Stj. tíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 71.

⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 32.

⁽⁵⁾ Stj. tíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 85.

⁽⁶⁾ Stj. tíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 122.

7. Þokuljósaker að aftan:

Mælt er fyrir um EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta í tilskipun ráðsins 77/538/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þokuljós að aftan á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾.

8. Bakkljósaker:

Mælt er fyrir um EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta í tilskipun ráðsins 77/539/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi bakkljós á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽²⁾.

9. Stöðuljósaker:

Mælt er fyrir um EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta í tilskipun ráðsins 77/540/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stöðuljós á vélknúnum ökutækjum ⁽³⁾.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 220, 29. 8. 1977, bls. 60.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 220, 29. 8. 1977, bls. 72.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 220, 29. 8. 1977, bls. 83.